

Mánudaginn 15. janúar 1940.

Nr. 59/1939. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)
gegn

Þorsteini Guðmundssyni
(Eggert Claessen).

Ölvun við bifreiðarakstur.

Dómur hæstaréttar.

Það þykir ekki vera fram kominn örugg sönnun fyrir því, að kærði hafi verið undir áhrifum áfengis við bifreiðarakstur þann 23. júlí 1936, og ber því að sýkna hann af því kæruatriði. Hinsvegar hefir kærði játað á sig neyzlu áfengis við bifreiðarakstur þann 2. ágúst s. á. Varðar þetta brot hans við 5. gr. laga nr. 70 frá 1931 og 21. gr. laga nr. 33 frá 1935, en dæma ber kærða einnig eftir hinum síðartöldu lögum, þótt héraðsdómarinn hafi ekki tilkynnt honum málshöfðun eftir þeim, með því að kærði gekk þess ekki dulinn, að honum var gefin áfengisneyzla við bifreiðarakstur að sök. Refsing kærða þykir samkvæmt 14. gr. laga nr. 70 frá 1931 og 39. gr. laga nr. 33 frá 1935 hæfilega ákveðin 100 króna sekt í ríkissjóð, er afplánist í 7 daga einföldu fangelsi, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdómsins um sviptingu ökuleyfis og greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð.

Samkvæmt þessum málslyktum ber að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 80 krónur til hvors.

Meðferð héraðsdómarans, Jóns Steingrímssonar, fyrrverandi sýslumanns í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, á máli þessu hefir verið að ýmsu leyti aðfinnsluverð, og ber einkum að geta eftirtalinna atriða:

1. Málið var upphaflega kært til dómarans 4. maí 1936, en hann hóf ekki rannsókn í því fyrr en 4. september s. á.

2. Rannsóknin er mjög losaraleg og ónákvæm. Ekki hafa verið yfirheyrðir a. m. k. 10 menn, sem ástæða var til að æskja vitnisburðar þeirra um sakargiftirnar á hendur kærða. Einkum hefði átt að krefja sagna Lárus Jónatansson, sem ók bifreiðinni ásamt kærða aðfaranótt 3. ágúst 1936 og virðist þá einnig hafa neytt áfengis eftir framburði kærða að dæma. Einnig hefði átt að yfirheyra vegagerðarmann þann, sem kærði kveður hafa veitt þeim Lárusi áfengi í téð skipti. Ennfremur hefði dómari átt að láta alla áfengisvarnarnefndarmenn Kolbeinsstaðahrepps gera grein fyrir því, hvort kærði hafi játað fyrir þeim áfengisneyzlu þann 23. júlí 1936, en um þetta hefir formaður nefndarinnar, sem þó mætti fyrir rétti, ekki einu sinni verið spurður.

3. Loks gleymdi héraðsdómari að senda dómsmálaráðuneytinu dómsgerðir málsins eftir uppkvaðningu héraðsdómsins. Fékk ráðuneytið ekki dómsgerðirnar fyrr en sýslumaður sá, sem nú skipar dómarasess í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, fann þær á síðasta ári í sambandi við rekstur annars opinbers máls á hendur kærða. Vegna greindrar yfirsýjónar héraðsdómarans, Jóns Steingrímssonar, verður samkvæmt 35 gr. tilsk. 3. júní 1796 að dæma hann til að greiða í fátækra sjóð Stykkishólmsahrepps 50 króna sekt, sem afplánist með 5 daga einföldu

fangelsi, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Þorsteinn Guðmundsson, greiði 100 króna sekt í ríkissjóð, og komi einfalt fangelsi í 7 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdómsins um sviptingu öku-leyfis kærða og greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Eggerts Claessens, 80 krónur til hvors.

Jón sýslumaður Steingrímsson greiði 50 króna sekt til fátækra sjóðs Stykkishólmshrepps í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, og komi 5 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu
6. febr. 1937.

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Þorsteini Guðmundssyni, bifreiðarstjóra á Grund í Kolbeinsstaðahreppi, fyrir brot á 5. gr. bifreiðalaganna nr. 70 frá 1931.

Málavextir eru á þessa leið: Með kæru, dags. 9. ág. 1936,

kærði Guðmundur Jóhannesson, bóndi á Syðri-Görðum, yfir því, að kærði hefði keyrt bifreið undir áhrifum vins á ferð til Reykholts 2. ágúst og á ferð til Borgarness nokkru fyrr.

Við réttarrannsókn útaf kærðu þessari neitaði Þorsteinn því eindregið, að hann hefði neytt vins, er hann keyrði bifreiðina SH. 28 til Reykholts 2. ág., en viðurkennir, að er hann kom heim kl. 1 um nóttina, hafi hann farið að kenna Lárusi Jónatanssyni, er var að læra á bifreið hjá honum. Hittu þeir þá vegagerðarmann og fluttu hann suður að Fíflholtum. Var hann með flösku af brennivíni og gaf þeim úr henni og það, sem í henni var, er þeir skildu. Kveðst kærði hafa drukkið á heimleiðinni 2—3 sopa af brennivíni úr flöskunni. Jafnframt segir hann, að Lárus hafi stjórnað bifreiðinni á heimleiðinni.

Samkvæmt þessu hefir kærði viðurkennt, að hann hafi neytt áfengis í bifreið sinni umrædda nótt, og verður það á engan hátt talið honum til afsökunar, að hann eigi keyrði bifreiðina, eftir að hann neytti áfengisins, þegar það er upplýst, að hann var að kenna nemanda, er eigi hafði bifreiðarskirteini, og hlaut þá sem kennari að bera ábyrgð á keyrslunni. Ennfremur verður það að teljast sérstaklega vitavert af honum sem kennara að neyta áfengis, á meðan á keyrslu stóð, og gefa nemanda sínum þar með vont fordæmi.

Að því er snertir þann lið kærunnar, að hann hafi verið undir áhrifum vins á ferð til Borgarness nokkru fyrr, segir kærði, að það sé alveg tilhæfulaust. Hann kveðst hafa farið til Borgarness 23. júlí og þá farið með honum Magnús Magnússon, bóndi á Hraunholtum, og dóttir hans, Kjartan Halldórsson á Oddsstöðum og Guðmundur Halldórsson og Jón Lifgjarnsson á Rauðamel. Kveðst hann alls ekki hafa neytt áfengis um daginn, nema hvað hann hafi drukkið um hádegi hjá Jóni Björnssyni í Borgarnesi 3 lítil staup af brennivíni. Kl. 8 um kvöldið kveðst hann hafa farið frá Borgarnesi, en er hann kom vestur að Hofslæk, sprakk vegarkantur undan öðru afturhjólí bifreiðarinnar, svo taka varð varninginn af til að ná henni inn á veginn. Er þeir voru þarna á veginum, komu þar að á bifreið Magnús Ísleifsson, bifreiðarstjóri í Stykkishólmi, og Jón Sigurgeirsson, bifreiðarstjóri á Vegamótum, með hon-

um. Kveðst mætti hafa verið mjög þreyttur, enda nýlega staðinn upp úr legu eftir meiðsli, og því fengið Jón til að keyra bifreiðina fyrir sig það, sem eftir var.

Af farþegum þeim, sem með bifreiðinni voru umræddan dag, hafa verið yfirheyrð þau: Magnús Magnússon á Hraunholtum og dóttir hans Sigríður og Guðmundur Halldórsson og Jón Lifgjarnsson á Rauðamel. Hafa þau Magnús og Sigríður borið það, að þeim hafi virzt, að kærður væri allmjög ölvaður, er hann keyrði frá Borgarnesi um kvöldið. Hinsvegar hafa þeir Guðmundur og Jón borið það, að þeir hafi ekki merkt á nokkurn hátt, að Þorsteinn væri ölvaður við keyrsluna umræddan dag, en segjast báðir hafa veitt því eftirtekt, að hann var mjög þreyttur, er hann keyrði heim um kvöldið, enda hafi hann þá nýlega verið staðinn upp úr legu. Ennfremur hafa þeir verið yfirheyrðir bifreiðarstjórnir Magnús Ísleifsson og Jón Sigurgeirsson, og báðir borið það, að þeir hafi ekki getað merkt það, er þeir hittu kærða umrætt kvöld, að hann væri ölvaður.

Formaður áfengisvarnarnefndar Kolbeinsstaðahrepps, Sveinbjörn Jónsson, bóndi á Snorrastöðum, upplýsti, er dómarrinn sneri sér til hans, að áfengisvarnarnefndin hefði frétt, að kærður hefði keyrt bifreið ölvaður 23. júlí, og samið þá kæru á hendur honum. Kærana sendi nefndin þó eigi til sýslumannsins, því er hún kallaði kærða fyrir sig, það hann sig undan því og „lofaði nefndinni mjög eindregið að láta eigi koma fyrir framvegis, að hann stýrði bíl ölvaður.“

Í réttarhaldi 4. sept. var ökuskirteini kærða tekið af honum. Rétturinn verður að líta svo á, að samkvæmt framan-sögðu sé það viðurkennt af kærðum, að nóttina milli 2. og 3. ág. f. á., er hann var að kenna á bifreið, hafi hann neytt áfengis. Ennfremur að það sé sannað með framburði vitnanna Magnúsar Magnússonar og Sigríðar Magnúsdóttur og á óbeinni játningu kærða fyrir áfengisvarnarnefnd Kolbeinsstaðahrepps, að hann hafi keyrt bifreið ölvaður á leið frá Borgarnesi til Grundar 23. júlí s. l.

Kærður hefir ekki áður verið dæmdur fyrir brot á bifreiðalögunum, en hefir verið sektaður fyrir ölvun og óspektir 9 sinnum í Reykjavík og 1 sinni í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

Framangreint brot kærða varðar við 5. gr. sbr. 14. gr. laga um notkun bifreiða nr. 70 frá % 1931, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 100 kr. sekt og missir ökuskirteinis í 6 mánuði.

Kærði greiði allan kostnað málsins.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Þorsteinn Guðmundsson, bifreiðarstjóri á Grund í Kolbeinsstaðahreppi, greiði 100 — eitt hundrað — króna sekt í ríkissjóð, og komi einfalt fangelsi í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá skal kærður missa ökuskirteini það, er hann hefir haft í 6 mánuði, eða frá 4. sept. 1936 til 4. marz 1937.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 19. janúar 1940.

Nr. 57/1937. **Jón E. Waage** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn

Síldarbræðslan h/f Seyðisfirði
(Einar B. Guðmundsson).

Hlutfjárloforð talið bindandi án tillits til skilyrðis, sem eigi var birt öðrum hlutfjárlofendum eða viðsemjendum félagsins.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 11. júní 1937, hefir krafizt *aðallega* skilorðslausrar sýknunar af kröfum stefnda, en *til vara*, að hann verði sýknaður, ef hann staðfestir það með eiði sínum, að hann hafi sett það